



## Fundargerð

1320. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, fjarfundur  
20. maí 2021, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Guðbrandur Einarsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

#### 1. Dagvistun barna undir 2 ½ árs aldri (2021050176)

Lögð fram svör frá Ingibjörgu Bryndísi Hilmarsdóttur leikskólafulltrúa, við spurningum sem Margrét Þórarinsdóttir (M) bar fram á bæjarráðsfundi 12. maí sl.

Bæjarráð óskar eftir að fræðsluráð taki málið til frekari skoðunar. Samhliða því verði tillaga bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem fram kom á bæjarstjórnarfundi 18. maí sl. um 5 ára börn í grunnskóla tekin til skoðunar.

#### 2. Fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 6. maí 2021 (2021030070)

Fundargerð lögð fram.

#### 3. Fundargerð ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja 6. maí 2021 (2021050193)

Fundargerð lögð fram.

#### 4. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2021010117)

a. Tillaga til þingsályktunar um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1308.html>

b. Frumvarp til laga um fjöleignarhús, 597. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1011.html>

c. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka framboð og neyslu grænkerafæðis, 612. mál – atvinnuveganefnd

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1060.html>

Umsagnarmál lögð fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 08:35